



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Haust 2014

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*

Jólaķertið

*Ég man það fyrir mörgum liðnum árum,
er mamma kom með jólaķertið inn,
ég hafði grátið, grátið beiskum tárur,
en gleymt er nú, hvað vakti harminn minn.*

*Þá sagði mamma: „Svona er guð þér góður,
hann gaf þér jólin, sjáðu ķertið þitt.
Hann elskar þig, þú átt hann fyrir bróður,
og ekkí máttu gráta, barnið mitt.“*


*Það varð svo hjart, ég brosti gegnum tárin,
er blessað jólaljósið við mér skēin,
og eftir mörgu – mörgu, horfðu árin,
er minning þessi ennþá ljúf og hrein.*

*Og jafnan eiga jólin töframáttinn,
er jólanóttin fyrsta í sér bar,
þótt öldin nýja hafi annan háttinn,
er hjarta barnsins líkt og áður var.*

*Og jólaljósin ljóma – austur, vestur
og lýsa heim, er vilja heyra og sjá,
til hans, er öllum reynist bródir bestur,
og börnin huggar – bæði stór og smá.*

*Margrét Jónsdóttir
Nýtt Kvennablað 8. tbl. des. 1951.*

Jólakveðjur frá samskipta- og útgáfunefnd



Kæru DKG systur!

Þriðja fréttabréf núverandi ritnefndar lítur hér dagsins ljós og ekki er laust við að það sé nú orðinn hluti af undirbúningi jólaanna hér fyrir norðan að standa að útgáfunni. Rétt eins og að skera út laufabrauð, baka smákökur og skreyta. Í blaðinu kennir að venju margra grasa. Auk viðtals og fróðleiks frá félagskonum þá birtum við nokkur kvæði í tilefni aðventunnar og vonum að þið njótið þeirra og komist í hátíðarskap.

Það segir einhvers staðar að maður sé manns gaman og koma þau orð upp í hugann þegar þetta fréttabréf er lesið. Við ákváðum að biðja nýja formenn deilda að kynna sig og segja frá áhugamálum sínum ásamt því að kynna starf deilda sinna í vetur. Það er virkilega gaman að fá innsýn í líf og starf þessara flottu kvenna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir að deila með okkur.

Það er greinilegt að starf deildanna verður áhugavert og fjölbreytt næstu tvö árin. Af þeim skrifum sem hér birtast má sjá að sjónum verður m.a. beint að umhverfismálum, þjóðmálum í víðum skilningi, óhefðbundinni fræðslu, konum sem hafa skarað fram úr og sýnt frumkvæði og síðast en ekki

síst að því að njóta samverunnar í okkar góða félagsskap og hlúa hver að annari.

Það er áhugavert að lesa viðtalið við Soffíu Vagnsdóttur sem er nýráðin fræðslustjóri á Akureyri. Soffía hefur komið víða við og hefur frá mörgu að segja. Það er augljóst að Akureyringar hafa fengið kjarnakonu til starfa og óskum við henni velfarnaðar í mikilvægu starfi á nýjum slóðum.

Við í samskipta- og útgáfunefnd DKG óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Dagbjört Ásgeirsdóttir (Mý),
Dagný Birnisdóttir (Mý),
Fríða Pétursdóttir (Beta) og
Sigríður Magnúsdóttir (Beta)



Kveðja frá landssambandsforseta Guðbjörgu M. Sveinsdóttur

Styrkjum tengsl til framtíðar

Kæru DKG systur!

Vetrarstarf DKG er hafið af fullum krafti. Það er alltaf gaman að hittast og fá fræðslu og tækifæri til að eiga uppbyggilega umræðu um eitthvað sem tengist starfinu, kynnast nýjum hugmyndum eða fá innsýn í daglegt líf félagskvenna. Þannig eru fundir DKG, fræðandi og skemmtilegir. Umfram allt hlökkum við til að hitta góða félaga. Þegar DKG konur eru spurðar af hverju þær séu í þessu félagi er svarið oftast en ekki vináttan. Það að eignast góða vini, kynnast nýjum konum og taka þátt í þeirra lífi gefur okkur mikið. Þegar aðventan hefst hugsum við einmitt oft til vina okkar, hvernig samband okkar er við þá og hvort við höfum ræktað vináttuna nægilega vel. Konur í DKG rækta vináttuna með því að mæta á fundi, ráðstefnur og þing.

Félagar okkar í menntanefndinni ásamt konunum í Eta og Kappadeild eru farnar að undirbúa landssambandsfundinn sem verður 9.- 10. maí n.k. Í mörg horn er að líta þegar undirbúa á ráðstefnu. Ég vona að þið sjáið ykkur allar fært að koma á þingið okkar og taka þátt í faglegru umræðu og mótun félagsins okkar. Uppstillinganefndin hefur leitað til ykkar varðandi tilnefningar í næstu stjórn og ég hvet ykkur til að skoða þann möguleika að þið takið sæti í stjórn landssambands DKG. Þú getur haft áhrif ef þú tekur þátt.

Það hefur verið mér dýrmæt reynsla að heimsækja deildir undanfarna mánuði og fá að upplifa þann kraft, vináttu og samstöðu sem þar ríkir. Þið eruð hjarta félagsins og ykkar



starf í deildunum skiptir mestu máli. Landssambandsstjórnin er fyrir ykkur og við erum tilbúnar að leggja hönd á plóg til að styrkja deildastarfið. Vinnum saman að eflingu félagsins og stöndum vörð um félagssystur okkar.

Með þátttöku í DKG styrkjum við tengsl til framtíðar.

F.h. landsambandsstjórnar
Guðbjörg M. Sveinsdóttir,
forseti DKG á Íslandi

Heimsping Delta Kappa Gamma Indianapolis 2014

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir segir frá



Sigrún Klara Hannesdóttir, Guðbjörg Sveinsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir sátu heimsping Delta Kappa Gamma í Indianapolis.

Við Sigrún Klara komum til JW Marriott hótelsins í Indianapolis laugardagskvöldið 26. júlí en þingið stóð frá mánudeginum 28. til föstudagskvöldsins 1. ágúst.

Ég hafði verið beðin um, af alþjóðaforsetanum Beverly Helms, að sitja í nefnd sem færi yfir fundargerðir þingsins og var fyrsti fundur nefndarinnar sunnudaginn 27. júlí. Þar komst ég að því að það „að fara yfir fundargerðir“ þýddi að skrifa fundargerðir þingsins. Til þess að gera langa sögu stutta gekk það bara vel og kynntist ég þar skemmtilegum konum en við vorum fimm í nefndinni.

Þingið var sett mánudagskvöldið 28. júlí með pomp og prakt - kallað Indianakvöld. Við upphaf þingsins komu forsetar gangandi með fána landa sinna. Guðbjörg var glæsileg í þjóðbúningnum. Þar kom borgarstjórinn fram og sagði m.a. frá mömmu sinni, sem hafði verið kennari og Delta Kappa Gamma félagi. Vel þekkt hljómsveit lék og söng og varð þetta fjörukt kvöld - allir skemmtu sér vel. Ég segi allir vegna þess að sumar konur taka eiginmanninn með.

Á öðrum degi þingsins voru, alþjóðaforsetar, svæðisforsetar, fimm í uppstillinganefndinni og fleiri kynntar en við höfðum verið tilnefndar af uppstillinganefnd samtakanna til þess að taka við 2014-2018. (Í Uppstillinganefnd eru konur kosnar til fjögurra ára í senn 2014-2018). Kosningin sjálf fór svo fram fimmtudaginn 31. frá kl. 6:30 - 9:00. Ég fékk rúmlega 80% kosningu og var ánægð með það.



Til gamans birtum við hér mynd af Sjöfn þegar hún bar íslenska fánann við setningu DKG heimspingsins árið 1986, en það var einmitt haldið í Indianapolis.



Á miðvikudag var fundur í European Forum, sem Sigrún Klara stýrði, en Anu Ariste forseti frá Estóníu hélt skemmtilegt erindi og sænski forsetinn, Ann-Katrín Sward, flutti erindi um skólamál. Eftir það var myndataka.

Á þinginu voru ýmiss konar fjárhagstillögur samþykktar. Tillaga um að birta greinar í Delta Kappa Gamma Bulletin á öðru máli en ensku kom fram. Þessi tillaga kom frá Puerto Rico. Mikil og fjörug umræða - ýmsar tillögur eins og t.d. að birta útdrætti úr greinum voru ræddar. Tillaga kom fram um að vísa tillögunum til nefndarinnar og var samþykkt. Tillaga kom fram um að í stað 30 nýrra félaga í nýju landssambandi kæmu 60. Þessu mótmælti Sigrún Klara með góðum rökum og urðu miklar umræður, sem enduðu þannig að breytingartillaga var samþykkt þannig að í stað 60 komi 40 - farinn millivegur og virtust konur almennt sáttar.

Aðaltillagan var um rafræna kosningu í aðalstjórn samtakanna. Hún var mikið rædd og höfðu nokkrir undirbúningsfundir verið haldnir á fyrstu dögum þingsins. Mér persónulega leist ekki vel á tillöguna þar sem hver þingkona átti að kjósa á alþjóðþingi - one vote - one person. Það yrði því erfitt fyrir þau sambönd eða ríki sem ættu fáa þingfulltrúa. Við erum t.d. ekki margar frá Evrópu sem sækjum alþjóðþingin vegna kostnaðar. Ég fékk ekki nógu góð svör við því, hvernig framkvæmd kosninganna ætti að vera. Framkvæmd kosninganna er þannig núna að landssambandsforsetar greiða atkvæði og fer atkvæðamagnið eftir fjölda innan hvers landssambands. Heitar umræður urðu um þetta mál, sem var vel undirbúið og útskýrt af formanni nefndarinnar. Tillagan var ekki samþykkt - náði ekki 2/3 atkvæða - 493 voru með og 405 á móti. Sigrún Klara sat í nefndinni og stjórnaði einum undirbúningsfundinum.

Kosningum var stjórnað af alþjóðaforseta Beverly Helms og lögsögumanni Jean Gray af miklum skörungskap. Jean Gray er að hætta sem lögsögumaður stjórnarinnar eftir margra ára setu og er mikil eftirsjá að henni. Hún var dugleg að gefa öllum góð ráð.

Þingið sóttu þrjú vel þekktir ræðumenn. Ron Rosenberg sagði frá „Hidden Secrets to Doubling Your Memory,“ sem kenndi okkur hvernig við ættum að muna betur. Dr. Ellen Kennedy sem stofnaði stofnunina Heimur án útrýmingar eða World Without Genocide, flutti magnað erindi um stríð fyrri alda og ára og þau sem nú standa yfir. Stofnunin hvetur m.a. fólk til þess að taka mál í sínar hendur til bjargar saklausu fólki, koma í veg fyrir útrýmingu og berjast gegn kynþáttamisrétti og fordómum. Knowledge is

power en enn betra knowledge plus action equals power. Þekkingin ein og sér er ekki nóg - framkvæmdin þarf að fylgja.

Síðast en ekki síst flutti ung kona Sarah Sladek kröftugt erindi við opnunina: The End of Membership as We Know It, hvernig við getum eftt samtökin með góðum hug og ráðleggingum.

Þinginu var slitið á föstudagskvöldinu með hátíðarsamkomu. Kvöldverður þar sem við í Nominations nefndinni sátum saman. Framkvæmdastjórnin var kölluð upp á svið, sú gamla og sú nýja með Lyn Shmid nýjum alþjóðaforseta og Beverly Helms fyrrverandi sem og fyrrverandi og núverandi varaforsetar, svæðastjórnirnar fimm og fleiri. Þær fyrrverandi voru kvaddar og þeim þökkuð vel unnin störf og þær nýju kynntar og boðnar velkomnar til starfa.

Nominations nefndin var kölluð upp, hver og ein af þeim fimm nýju kynnt og sagt frá störfum þeirra og áhugamálum, þær boðnar velkomnar til starfa og hinum sem víkja, þökkuð vel unnin störf við að velja nýja stjórnendur samtakanna. Þetta var allt vel gert og mjög hátíðlegt.

Það er bæði fróðlegt og mjög skemmtilegt að sækja alþjóðþing Delta Kappa Gamma, sem haldin eru annað hvert ár í hinum ýmsu borgum í Bandaríkjunum. Næsta alþjóðþing verður í Nashville, Tennessee 5. - 9. júlí 2016. Nashville er kölluð tónlistarborgin, en þar eru líka háskólar og aðrar þekktar menntastofnanir. Það verður áhugavert að sjá hvernig þeir blanda saman menntun og tónlist.





Viðtalið Soffía Vagnsdóttir



„... svo er það lífsförunautur minn hann Roland Smelt, sem fylgir mér auðvitað til Akureyrar. Við erum eins og ástfangið unglingspar, búin að skila uppeldishlutverkinu og ráðum okkur sjálf! ...“



„... „Hvað eigum við að gera við hænurnar?“ sagði hann og svo var það ekkert rætt meir. En Akureyri kveikti í okkur báðum...“

Hvar liggja rætur þínar? Hver er konan?

Ég á allar mínar rætur fyrir vestan, í Bolungarvík. Þar er ég fædd og uppalin af einstökum foreldrum, Birnu Hjaltalín Pálsdóttur verslunarkonu og Vagni Margeiri Hrólfssyni sjómanni ásamt systkinum mínum sex. Ræturnar eru hnauspykkar og teygja sig yfir í Jökulfirði, til Hesteyrar. Þar á fjölskyldan athvarf sem við elskum öll. En nú er staðan sú að öll erum við systkinin farin frá æskuslóðum en mamma er eftir og passar Víkina! Ég á líka miklu barnaláni að fagna, á fimm börn á aldrinum 18 – 35 ára, sex yndisleg barnabörn og svo er það lífsförunautur minn hann Roland Smelt, sem fylgir mér auðvitað til Akureyrar. Við erum eins og ástfangið unglingspar, búin að skila uppeldishlutverkinu og ráðum okkur sjálf!

Hvað varð til þess að þú fórst að vinna í grunnskólum/skólakerfinu?

Ég var leitandi í upphafi námsferilsins, byrjaði í Verslunarskólanum í Reykjavík þaðan sem ég lauk verslunarskólaprófi tæplega 18 ára. Ég hafði mikla heimþrá og hélt því vestur aftur. Þar lenti ég m.a. í því að leysa bróður minn af í popphljómsveitinni Mímósu og spilaði með henni í nokkurn tíma. Þá áttaði ég mig á ástríðunni í lífi mínu. Það var tónlistin. Ég vildi gera hana að atvinnu minni í einhverju formi. Ég lagði því aftur af stað suður og lærði til tónmenntakennara. Það var fjögurra ára nám í tónlistarskólanum í Reykjavík. Þá fann ég að ég var komin á minn stað, - að kenna börnum um tónlist og að njóta hennar.

Hvað/hver telur þú hafa haft mestu áhrif á störf þín/sýn þína í skólastarfi?

Ég held ég verði að nefna þjár manneskjur sem voru miklir áhrifavaldar í lífi mínu sem kennari. Fyrst vil ég nefna þann einstaka mann- og tónlistarvin Jónas Ingimundarson en hann var píanókennarinn minn í tónlistarskólanum öll námsárin. Hann var stórkostlegur kennari sem hjálpaði mér svo mikið að þroska sýn mína á listir, túlkun tónlistar, fegurðina í litlu hlutumum og hversu stórkostleg gjöf tónlistin er. Svo er það hún Anna mín Jeppesen sem var

mentorinn minn í kennslunni á fyrstu árum mínum sem kennari. Við kenndum saman í Æfingaskóla Kennaraháskólans. Hún hjálpaði mér að frelsa hugann frá sýninni um hefðbundið hlutverk kennarans. Hún opnaði mér heim teymisvinnunnar og tók mig með á vit ævintýranna sem gerast þegar við gefum börnum lausan tauminn í sköpunargleðinni. Í okkar samvinnu urðu til galdrar í kennslustofunni í gegnum tónlist og leiklist þar sem flestar námsgreinar komu við sögu og börnin ófu í sameiningu dásamleg sköpunarverk samhliða því að vera að læra íslensku og samfélagsfræði, stærðfræði og fleira. Og svo er það Ólafur Jóhannsson sem var skólastjóri Æfingarskólans á þessum árum. Hann elskaði tónlist eins og ég, var ótrúlega mikill húmoristi og gaf mér frelsi til að gera tilraunir í kennslunni, leyfði mér að njóta mín í botn og skapaði mér umgjörð og aðstæður sem þroskuðu mig svo mikið sem kennara. Reynslan af hans frábæru skólastjórnun hefur verið mér mikið og þakklátt veganesti eftir að ég varð síðan skólastjórnandi sjálf.

Meistaránám þitt, viltu segja okkur eitthvað um það; hvað varst þú að skoða og rannsaka?

Ég lauk meistaránámi í Menningarstjórnun frá Bifröst árið 2012. Skrýtið hvert nám getur leitt mann. Eftir að ég lagði af stað aftur í nám eftir langt hlé, hóf ég nám í Kennaraháskólanum í stjórnun menntastofnana. Ég lauk hins vegar ekki nema hluta þess náms. Ég byrjaði svo í Evrópufræðum við Háskólann á Bifröst en síðasti áfanginn minn var valáfangi og ég valdi áfanga sem hét inngangur að menningarstjórnun. Áður en ég vissi af var ég sest í rútu menningarstjórnunarnema og hún stoppaði ekki fyrir en ég hafði lokið því námi með útskrift, - á undan Evrópufræðinni en þar á ég eingöngu ritgerðina eftir. Ég á erfitt með ókláruð verk svo hún lítur nú dagsins ljós einhvern tíma. Leitin að sannleikanum í menningarstjórnuninni leiddi mig eiginlega á braut sem ég hef síðan mikinn áhuga á að skrifa meira um og vekja meiri athygli á. Það eru samfélagsfrumkvöðlar (e. Social entrepreneurs) og hlutverk þeirra fyrir samfélagið. Fólk sem stundum er sagt að geti breytt heiminum. Mig langar að draga meiri athygli að þess konar einstaklingum og hlutverki þeirra og ekki síst að draga athygli að þeirri hugmyndafræði sem að baki stendur inn í hug barna og ungmenna.



Viltu segja okkur frá bókinni sem þú gafst út?

Mér þykir afskaplega vænt um þetta afkvæmi mitt sem tók mig nú nokkuð langan tíma fæða! Ég fékk námsleyfi í eitt ár, veturinn 2011-2012, og nýtti hann vel. Ég skrifaði ritgerðina mína og vann auk þess þessa bók. Hún heitir Trommur og tofrateppi og er kennslubók í tónlistaruppeldi fyrir börn á aldrinum 3 – 9 ára. Efnið í henni er allt eftir mig, Hrólfur bróðir minn vann með mér útsetningar og upptökur og vinkona mín Nina Ivanova sá um uppsetningu, umbrot og myndskreytingu. Bókin inniheldur bæði sönglög, þulur, hljóðsögur og tónlist til að vinna með ýmsa tónlistarlega þjálfunarþætti með börnum. Hún er þægileg í notkun og markmiðið var að bæði foreldrar og kennarar í leik- og grunnskólum gætu nýtt sér hana til að kenna börnum um tónlist og iðka hana, án tillits til þess hvort fólk hefur einhverja tónlistarlega menntun eða ekki. Ég er afskaplega þakklát fyrir hvað henni hefur verið vel tekið. Þetta er nú eitt af því sem mér finnst skemmtilegast að gera, - að semja fyrir börn.

Hvað varð til þess að þú sóttir um starf skólafulltrúa Akureyrarbæjar?

Það kom í mig andleg ókyrrð eftir að ég missti systur mína fyrir rúmum tveimur árum. Við



vorum afskaplega nánar og gerðum svo margt saman fyrir vestan. Vorum til dæmis með rekstur í ferðaþjónustu. Við Roland höfðum rætt möguleikana á því að fara að færa okkur um set. Það var þó engin alvara í því í raun og veru. Ekki fyrr en ég sá þessa auglýsingu um starfið á Akureyri. Þá benti ég Roland á hana og hún greinilega kveikti í honum sem hefur nú verið eins og státt hross þegar ég hef nefnt flutninga frá Bolungarvík til Reykjavíkur. „Hvað eigum við að gera við hænurnar?“ sagði hann og svo var það ekkert rætt meir. En Akureyri kveikti í okkur báðum svo ég lét slag standa að sækja um. Ég er innilega þakklát fyrir að hafa verið boðið þetta starf og er full tilhlökkunar að takast á við það. Kannski við tökum þá hænurnar með eftir allt saman en Roland minn kemur í janúarbyrjun.

Hverja telur þú vera mestu áskorun skóla í dag?

Ég held að mesta áskorun skóla í dag sé að finna leiðir til að losa okkur endanlega við þau viðmið sem við sjálf höfum í huga okkar um skólaumgjörð og kennsluform, að losa okkur við hugarfarslegar hindranir. Að við leyfum okkur að njóta okkar í kennslunni, í lýðræðisforminu sem hefur náð inn í skólana og getið af sér börn með mikla tjáningarpörf sem vilja flest hafa eitthvað um flest að segja. Að við reynum öll að læra sem allra mest um sem allra flest og miðlum þeirri hugmyndafræði til barnanna. Við þurfum líka að vinna kröftuglega saman því teymisvinnan gefur manni svo stórkostlega mikið og er svo styðjandi. Kennarar og skólafólk verður líka að viðhalda sjálfsvirðingu sinni, hafa alltaf gaman af börnum og leitast við að byggja upp áhuga þeirra á þeirra eigin ástríðu og áhuga. Viðfangsefni í náminu þarf alltaf að vera í endurskoðun, - hvað það er sem við viljum að börnin nemi. Mitt mat er að þau þurfi fyrst og síðast að læra að vera manneskjur í síðuðu samfélagi, læri að taka tillit til annarra og láta gott af sér leiða.

Hverjar eru væntingar þínar í nýju starfi?

Þær eru kannski helstar að Akureyringar sjái ekki eftir því að hafa ráðið mig! Að ég muni geta látið eitthvað gott af mér leiða. Ég finn að það er mikill mannauður hér á öllum sviðum og Akureyringar leggja mikið upp úr því að hafa öflugt og faglegt skólustarf. Þeir eru með skóla á öllum sviðum. Það er kannski einn skóli sem vantar í flórana og það er Lýðskóli. Við getum kannski komið honum á hér

„... leyfum okkur að njóta okkar í kennslunni, í lýðræðisforminu sem hefur náð inn í skólana og getið af sér börn með mikla tjáningarpörf sem vilja flest hafa eitthvað um flest að segja. Að við reynum öll að læra sem allra mest um sem allra flest...“

einhvern tíma.

Hver er lífssýn þín?

Ætli hún felist ekki fyrst og fremst í því að maður skuli rækta með sér heiðarleika og kærleika til alls og allra og reyni að láta gott af sér leiða í víðustum skilningi. Þá held ég að maður lifi innihaldsríkara lífi og flytji sáttari á annað tilverustig þegar að því kemur.

Tónlistin í lífi þínu...

Á morgnana tvísta ég oft við tjútt og rokk og ról, annars er ég forvitin um alla tónlist og hlusta á alls konar tónlist. Ég hlakka mikið til þegar ég er komin í húsnæði til frambúðar þar sem ég get flutt píanóið mitt til mín. Tónlistin er mér allt og án hennar væri líf mitt afskaplega snautt. Ég hef unun af því að hlusta á börnin mín spila og syngja. Ég fékk ríkulegt tónlistaruppeldi í alþýðusöng, harmoníkuspili og tónlistarnámi og það hefur fylgt mér allar götur síðan.

Hvað er framundan hjá þér?

Það er auðvitað mest að setja mig inn í starfið. En svo þurfum við fljótlega að fara að huga að varanlegum búsetustað en við erum í tímabundnu húsnæði. Ég hef tæmt Bolungarvík að mestu úr huga mér að sinni til að hafa pláss fyrir Akureyri og nýja hluti hér. Sköpunargleði mín dregur mig stundum í allar áttir og með tíð og tíma ætla ég að finna henni útrás í ýmsu því sem Akureyri hefur upp á að bjóða t.d. í listnámskeiðum og slíku og þrá mín eftir að njóta fjölbreytilegs lista- og menningarlífs hér fær mig til að hlakka mikið til búsetunnar á Akureyri í framtíðinni.

Beta

Björk Sigurðardóttir



Ég heiti Björk Sigurðardóttir og tók við formennsku í Betadeild nú í haust. Ég bý á Stokkahlöðum í Eyjafjarðarsveit ásamt fjölskyldu minni. Eiginmaður minn heitir Garðar Már Birgisson og og saman eigum við þrjú börn. Þau eru Frans Veigar f. 1989, Silja f. 1992 og Rebekka f. 1998. Ég starfa sem aðstoðarskólalastjóri við Hrafnagilsskóla og hef starfað þar frá því að ég útskrifaðist úr Kennaraháskólanum. Fyrstu árin var ég umsjónarkennari, síðan vann ég sem deildarstjóri og umsjónarkennari en tók við starfi aðstoðarskólalastjóra haustið 2013.

Ég hef mikinn áhuga á útivist s.s. gönguferðum, hjólreiðum, golfi, sundi og skíðaiðkun. Ferðalög og framandi matargerð heilla mig og ég hef einnig mikinn áhuga á hannyrdum.

Ég gekk í Betadeild Delta Kappa Gamma á jólafundi árið 2008. Frá fyrstu stundu hefur mér liðið vel í félaginu, kynnst skemmtilegum konum og átt fræðandi og gefandi ár.

Margar skemmtilegar hefðir hafa skapast í Betadeildinni s.s. það að vera með happdrætti á hverjum fundi og er fyrirkomulagið þannig að sú sem hlýtur happdrættisvinninginn sér um að koma með vinning á næsta fund. Eins höfum við það til síðs að láta peningapyngju ganga milli kvennanna á öllum fundum. Konurnar setja í hana smá peningaupphæð og árlega er upphæðin gefin til UNICEF sem nýtir hana til menntunar stúlkna. Á hverju hausti hefjum við starf deildarinnar með skemmtilegri haustferð, við erum með sameiginlegan jólafund með Mýdeild, höfum bókafund eftir jól þar sem við segjum frá áhugaverðum bókum sem við höfum lesið og vörfundinn höfum við einstaklega veglegan .

Næstu tvö starfsárin ætlum við í Betadeild að starfa út frá þemanu „Móðir jörð“ en markmiðið er að vekja okkur til umhugsunar um þetta mikilvæga málefni og fræðast um umhverfismál í víðum skilningi. Í haust fengum við tvo fyrirlesara til þess að fjalla um þetta viðfangsefni en það eru þær Brynhildur Bjarndóttir lektor við Háskólann á Akureyri og Kristín Sigfúsdóttir menntaskólakennari. Í fyrirlestri sínum velti Brynhildur meðal annars upp spurningunni; hvað er umhverfi? Er það veröldin í kringum okkur, sem er víð túlkun, eða umhverfið á

„... Næstu tvö starfsárin ætlum við í Betadeild að starfa út frá þemanu „Móðir jörð“ en markmiðið er að vekja okkur til umhugsunar um þetta mikilvæga málefni og fræðast um umhverfismál í víðum skilningi...“

Beta

Betadeild var stofnuð þann 2. júní 1977. Í henni eru konur frá Akureyri og nágrenni.



vinnustað sem er þröng túlkun. Hún talaði um að það ætti að leggja að jöfnu, kurteisi gagnvart fólki og kurteisi gagnvart náttúrunni. Hún ræddi einnig um að við höfum gengið mjög á auðlindir jarðar, úrgangsmál eru henni mjög hugleikin ásamt því hvernig við munum skila jörðinni til komandi kynslóða.

Kristín ræddi við okkur um umhverfið, fyrirmyndir, náttúruna, auðlindir, lífhvolf og margt fleira. Hún vitnaði í ýmsar konur og byrjaði á móður sinni sem var góð fyrirmynd í umhverfismálum og nýtti vel alla hluti. Hún ræddi um loftmengun, heilsu og svífryk og talaði um hvað regnskógarnir eru mikilvægir. Þá hvatti hún okkur til að nýta hlutina betur og nefndi í því sambandi að um 80% af því sem framleitt er í heiminum er hent innan 6 mánaða frá framleiðslu.

Umræður eftir erindin voru frjóar og konur í Betadeild áhugasamar um þennan málaflokk.

Við í Betadeild horfum jákvæðar fram á veginn og sjáum deildina okkar vaxa og dafna um ókomin ár.

Tvær konur gengu í Betadeild á árinu 2014 en það eru þær Herdís Anna Friðfinnsdóttir og Elín Elísabet Magnúsdóttir. Í haust flutti Martha Lilja Olsen sig úr Lotadeild á Ísafirði til okkar í Betadeild. Fögnum við innkomu þessara kvenna og vitum að þær koma til með að gera gott félag betra.

Andlát

Margrét Albertsdóttir, sem var einn af stofnfélögum Betadeildar, lést mánudaginn 24. febrúar árið 2014 á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri. Við í Betadeild minnumst hennar með söknuði og þakklæti í huga fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og þökkum henni samfylgdina.

Guð blessi Margréti Albertsdóttur.

Jól

*Lát mig heyra hljóm þinn, hvíta ljóð.
Huga mínum kveik þú nýja glóð.
Svartir skuggar skíma eftir bráð.
Skelfist barnið frostsins grimmdarráð.*

*Lít í hönd mér litla kertið dauðt,
lít á vörum stírdnað málið snauðt.
Leys úr viðjum hjartans dýra hljóm.
Himingeislum vek þú liðin blóm.*

*Mannsins veika von í hreysi fædd,
vafin móðurörmum, tötrum klædd,
lífsins gull í lófa saklaus barns,
ljúfi sunnanþeyr í ríki hjarns,*

*snauða barnsins bjarta jóla ljós,
bleikjar elli skærust hjartarós,
himintónn í hljóði fátæks ranns,
helgast ljóð í brjósti dauðlegs manns!*

*Kom þú! dagsins dýrð, í jarðarátt.
Dreyf þú ljósi á heljarmyrkrið grátt.
Lát að nýju lýsa þjáðra von,
líf og fögnuð Mannsins dýra son.*

Jakóbína Sigurðardóttir (ort 1955)

*Heimild:
Jakóbína Sigurðardóttir. (1983). Kvæði.
Reykjavík: Mál og menning.*

Gamma

Kristín Bjarnadóttir

Kristín Bjarnadóttir, formaður Gamma-deildar, er prófessor emerítus við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kristín lauk námi í eðlisfræði frá Háskóla Íslands, stærðfræði við Háskólann í Oregon í Eugene og stærðfræðimenntun við Háskólann í Hróarskeldu. Hún hefur kennt stærðfræði, eðlisfræði og stærðfræðimenntun allt frá 1965 fram til 2013 við ýmsa skóla, svo sem Kvinnaskólann í Reykjavík, Grunnskólann í Stykkishólmi, Fjölbautaskólann í Garðabæ og við Kennaraháskólann sem varð síðar að Menntavísindasviði HÍ. Auk kennslunnar hefur hún setið í starfshópum um gerð námsefnis og námskráa í stærðfræði.

Kristín er gift Halldóri S. Magnússyni viðskiptafræðingi. Þau hafa búið í Reykjavík, Stykkishólmi og í Garðabæ auk námsdvalar í Bandaríkjunum. Þau eiga þrjú uppkomin börn og tíu barnabörn. Hún hefur verið virkur félagi í skátahreyfingunni frá barnsaldri og var aðstoðarskátahöfðingi 1989 – 1997. Í tómstundum skrifar hún, þrjónar og hittir gömlu skátafélagana auk þess að sækja ráðstefnur um stærðfræðimenntun. Hún hefur verið félagi í Gamma-deild frá 1992 og var gjaldkeri Landsambands Delta Kappa Gamma árið 1999 – 2005.

Starf Gamma-deildar veturinn 2014 – 15 fer vel af stað. Athygli verður beint að konum sem sýnt hafa frumkvæði og tekist á hendur leiðtogahlutverk en einnig stofnunum sem hafa endurskilgreint hlutverk sitt með árangursríkum hætti. Fundirnir eru vel sóttir og konurnar halda vel saman. Skemmst er að minnast þess að Pálina Jónsdóttir, fyrsti formaður deildarinnar fagnaði 90 ára afmæli sínu hinn 28. júlí sl.

„...Athygli verður beint að konum sem sýnt hafa frumkvæði og tekist á hendur leiðtogahlutverk en einnig stofnunum sem hafa endurskilgreint hlutverk sitt með árangursríkum hætti.“

Gamma

Gammadeild var stofnuð þann 5. júní 1977. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.



Skólar fyrir Afríku

Meira en helmingur þeirra barna sem ekki hafa tækifæri á menntun býr í Afríku.

UNICEF hefur unnið að því í yfir 65 ár að útvega börnum um allan heim menntun.

Yfir 21 milljón barna njóta góðs af starfi UNICEF
Menntun er ein mesta vörn gegn fátækt
DKG styrkir starf UNICEF.

https://www.dkg.org/sites/default/files/files-for-download/SFA_OnePager.pdf



Delta

Theodóra Þorsteinsdóttir



„...Væntingar mínar sem formanns næstu tvö árin eru að fylgja kjörorðunum „Styrkjum tengsl til framtíðar“ og þar með efla tengsl okkar innbyrðis, reyna að fjölga konum í deildinni og gera deildina okkar sýnilegri í samfélaginu. Einnig er markmið hjá mér að við syngjum Delta-Kappa-Gamma lög á hverjum fundi...“

Delta

Deltadeild var stofnuð þann 5. júní 1987. Í henni eru konur á Vesturlandi og suður til Reykjavíkur.

Theodóra Þorsteinsdóttir býr í Borgarnesi, er gift Olgeiri Helga Ragnarssyni og á tvær dætur, Sigríði Ástu og Hönnu Ágústu.

Theodóra fæddist á Hólmavík og ólst upp í Borgarnesi. Eftir grunnskóla flutti hún til Reykjavíkur, stundaði fyrst nám við Lindargötuskóla, síðan Sjúkraliðaskóla Íslands og Fjölbrotaskólann í Breiðholti og útskrifaðist stúdent þaðan 1982. Theodóra stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og lauk þaðan söngkennaraprófi. Framhaldsnám í söng stundaði hún meðal annars í Vínarborg.

Theodóra starfaði við sjúkraliðastörf fyrstu árin eftir sjúkraliðanámið og flest öll sumur til ársins 1993, m.a. á Borgarspítalanum, Hrafnistu, Sjúkrahúsi Akraness og Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.

Eftir að Theodóra útskrifaðist sem söngkennari kenndi hún við Tónlistarskóla Borgarfjarðar, Söngskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Stykkishólms. Hún starfar nú sem skólastjóri Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Theodóra hefur komið fram sem einsöngvari bæði hérlendis og erlendis og haldið einsöngstónleika víðsvegar um landið. Hún er meðlimur Óperukórsins í Reykjavík og hefur sungið einsöng með kórnum, m.a. í Carnegie Hall í New York.

Fjölskylda Theodóru er söngfjölskylda, allir hafa stundað söngnám og hefur fjölskyldan haldið nokkra tónleika og komið víðsvegar fram saman. Fjölskyldan tók öll þátt í afmælistýningu Tónlistarskóla Borgarfjarðar á Sígaunabarárónum árið 2008.

Áhugamálin eru tengd starfinu, söngur á stóran þátt í lífi Theodóru og einnig hefur hún áhuga á að ferðast um hálendi Íslands. Hún starfar í ýmsum félögum og klúbbum öðrum en Delta, er meðlimur í Svannasveitinni Fjólum (kvenskátar í Borgarnesi) og Zontaklúbbi Borgarfjarðar.

Væntingar mínar sem formanns næstu tvö árin eru að fylgja kjörorðunum „Styrkjum tengsl til framtíðar“ og þar með efla tengsl okkar innbyrðis, reyna að fjölga konum í deildinni og gera deildina okkar sýnilegri í samfélaginu. Einnig er markmið hjá mér að við syngjum Delta-Kappa-Gamma lög á hverjum fundi.

Ert þú búin að ákveða hvað þú gerir í júlí 2016?

Ef ekki þá getur þú skellt þér á ráðstefnu í Nashville Tennessee 5. – 9. júlí.

<https://www.dkg.org/category/events/conventions>



Vissir þú...

... að á þessari slóð getur þú nálgast lista yfir vefsíður sem geta nýst þér í starfi sem kennari?

<https://www.dkg.org/sites/default/files/files-for-download/DKG%20Recommended%20Websites%20and%20Apps%20for%20Educators.2.pdf>





Epsilon Erna Ingvarsdóttir

Epsilon

Epsilon deild var stofnuð 1989 og starfar hún á Suðurlandinu.



„... ég tók að mér kennslu í 1. bekk. Í vetur kenni ég 2. bekk og finnst það skemmtilegasta starf sem hægt er að hugsa sér.“



Ég tók við formannsstarfi Epsilon deildarinnar nú í haust af Rósu Mörtu Guðnadóttur.

Ég er fædd í Reykjahlíð í Skeiða og Gnúpverjahreppi og ólst þar upp við sveitastörf. Þaðan lá leiðin til Reykjavíkur þar sem ég bjó hjá systkinum mínum á meðan ég gekk í Menntaskólann í Hamrahlíð og átti þar dásamlega skemmtilegan tíma. Seinna lá leiðin í Kennaraháskóla Íslands þar sem ég útskrifaðist sem grunnskólakennari vorið 1984 með handavinnu og smíðar sem valgrein.

Tveimur árum eftir útskrift fluttist ég heim á æskustöðvarnar með fjölskylduna og kenndi í Brautarholtsskóla í Skeiða og Gnúpverjahreppi í ellefu ár. Árið 1998 flutti fjölskyldan í Hveragerði þar sem ég hef starfað við Grunnskólann í bænum síðan. Ég bætti við mig meistaranámi í yngri barna kennslu með kennslunni en tók námsleyfi veturinn 2008-2009 og útskrifaðist með meistaraþáttu 2009.

Haustið 2009 gerðist ég deildarstjóri á yngsta stigi við Grunnskólann í Hveragerði en eftir fjögur ár í þeirri stöðu var umsjónarkennarastarfið farið að kalla á mig aftur og ég tók að mér kennslu í 1. bekk. Í vetur kenni ég 2. bekk og finnst það skemmtilegasta starf sem hægt er að hugsa sér.

Ég bý ásamt fjölskyldunni, hundi, tveimur köttum og fjórum hænum í Laugaskarði í Hveragerði með útsýni yfir Ölfusið. Eiginmaðurinn er Þorsteinn Hjartarson og saman eigum við 4 börn og eitt barnabarn. Áhugamálin mín fyrir utan fjölskylduna eru mörg en helst ber að nefna gönguferðir, handavinnu, kórastarf og lestur góðra bóka.

Starfið í Epsilon deild er mér mjög mikilvægt, það finn ég best á fundunum. Margar af konunum hafa starfað með mér frá því að deildin var stofnuð í apríl 1989 og það er einstaklega gefandi að fá að hitta þær og eiga með þeim gæðastund. Yfirskrift starfsins framundan í Epsilon deild er **konur**. Við munum fá til okkar á fundi kraftmiklar konur sem eru að vinna eftirtektarverð verkefni. Nú í haust fengum við til okkar Guðrúnu Tryggvadóttur sem er bæði myndlistakona og vefsíðuhöfundur (nattura.is). Hennar erindi var einstaklega spennandi og eftirtektarvert. Eftir áramót munum við fá til okkar Guðrúnu Mínerudóttur skáldkonu.

Mý Ingibjörg Magnúsdóttir



Mý

Mýdeild var stofnuð 2011 og starfar hún á Norðausturlandi.

„... við hjónin eigum tvær dætur ættleiddar frá Kína og vakti uppeldi þeirra og samskipti við aðra foreldra ættleiddra barna upp spurningar er vörðuðu upphaf skólagöngunnar og þekkingu/vanþekkingu innan íslenska skólakerfisins á málefnum ættleiddra barna. ...“

Ingibjörg Magnúsdóttir heiti ég og er ein af stofnfélögum í Mýdeild DKG. Síðastliðið vor tók ég við formennsku í Mýdeildinni af Jenný Gunnbjörnsdóttur sem leiddi deildina af mikilli röggsemi frá stofnun hennar.

Ég er gift og á tvær dætur, auk þess sem fjölskyldunni fylgir hundurinn Skellibjalla. Við erum búsett í Giljahverfinu á Akureyri og unum okkur vel þar. Helstu áhugamál fjölskyldunnar hafa tengst útiveru, ferðalögum og samvistum við vini og ættingja en núna hafa frístundirnar færst að stórum hluta inn í skautahallir landsins þar sem dæturnar stunda báðar listhlaup á skautum af miklum krafti.

Ég steig mín fyrstu skref í fræðslustörfum á menntaskólaárunum þegar ég starfaði sem leiðbeinandi á leikskóla í Kópavogi eina önn. Eftir menntaskólann lá leiðin til hinnar stóru Ameríku þar sem ég lagði stund á nám í ferðafræðum í Johnson & Wales University í Rhode Island. Þar lauk ég minni fyrstu háskólagráðu (AS) á einu ári og dreif mig svo heim aftur. Veturinn eftir Ameríkudvölinu starfaði ég á leikskóla í Reykjavík og þaðan lá leið okkar hjóna á Þingeyri við Dýrafjörð þar sem ég starfaði sem leiðbeinandi í Grunnskólanum í tvö ár. Þar áttaði ég mig á því að kennsla í grunnskólanum hentaði mér betur en í leikskólanum og hófst ég handa við að ná mér í kennararéttindi í fjarnámi.

Frá Þingeyri lá leiðin norður í Eyjafjörð þar sem við ílengdumst. Í þrjú ár starfaði ég sem leiðbeinandi við Valsárskóla á Svalbarðsströnd. Því næst lá leiðin inn á Akureyri og hóf ég störf sem barnabókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri haustið 2000. Árið 2006 lauk ég kennaraprófi frá KHÍ. Á Amtsbókasafninu starfaði ég til haustsins 2011 þegar ég hófst handa við meistaranámið mitt í Háskólanum á Akureyri.

Hluta af námstímanum þjuggum við fjölskyldan í Svíþjóð, en ég tók nokkra kúrsa við háskólann í Växjö. Haustið 2013 fluttum við heim aftur og henti ég mér þá í að ljúka meistaraverkefninu mínu. Vorið 2014 var ég svo brautskráð með MA í menntavísindum frá HA.

Meistaraverkefnið mitt fjallaði um þjónustupörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla. Ástæða þess




að ég valdi það viðfangsefni er sú helst að við hjónin eigum tvær dætur ættleiddar frá Kína og vakti uppeldi þeirra og samskipti við aðra foreldra ættleiddra barna upp spurningar er vörðuðu upphaf skólagöngunnar og þekkingu/vanþekkingu innan íslenska skólakerfisins á málefnum ættleiddra barna.

Framundan hjá mér er vinna við að fjármagna og útbúa móttökuhandbók fyrir grunnskólann sem byggir jafnt á fræðilegum upplýsingum sem og hagnýtum upplýsingum fyrir kennara sem fá ættleidd börn í bekkinn sinn og hlakka ég mikið til að hefjast handa við þetta verkefni.

Haustið fer vel af stað hjá Mý deild og höfum við þegar fundað þrisvar það sem af er vetri og héldum við jólafundinn með Betadeild eins og hefð er komin á með.

Jafnframt hefur leshringurinn okkar fundað einu sinni.

Það er gaman frá því að segja að Birna Guðrún Baldursdóttir í Mýdeild hlaut *Múrbrjótinn 2014*, viðurkenningu Landssamtakanna Þroskahjálps fyrir að starfrækja klúbb fyrir ungmenni á einhverfurófi á Akureyri.



Gummi fer í fjallgöngu

Þess má geta að Mý-systirin Dagbjört Ásgeirsdóttir sendi frá sér barnabók nú fyrir jólin. Það er fjórða bókin um þá félagu Gumma og Rebba.

Sögurnar hafa yfir sér þjóðlegan blæ og eru talsvert notaðar í leikskóla- og byrjendalæsi.

Evrópuþing 2015...

... verður haldið í Svíþjóð 5.- 8. ágúst, líka auglýst á íslensku heimasíðunni undir fréttir
Borås
Sweden

<https://www.dkg.org/content/2015-europe-regional-conference>



Zeta

Sigríður Herdís Pálsdóttir



„... Markmiðið með starfinu hjá okkur í vetur er að hlúa að okkur og njóta þess að vera saman í þessum góða félagsskap...“

Zeta

Zetadeild starfar á Austurlandi og koma félagskonur frá Fljótshéraði og neðan af fjörðum.

Ég heiti Sigríður Herdís Pálsdóttir og tók við sem formaður Zeta deildar vorið 2014. Mér var boðið á fund hjá Zetadeild árið 2009 og gekk í deildina 9. nóvember 2009.

Ég flutti á Eskifjörð árið 2008. Elti eiginmanninn, Höskuld Reyni, austur á land þar sem hann fór að starfa í álveri Alcoa á Reyðarfirði.

Ég er fædd og uppalin á Snæfellsnesi nánar tiltekið að Naustum í Eyrarsveit við Grundarfjörð. Ég útskrifaðist sem leikskólakennari 1993 og fór þá sem leikskólastjóri í Grundarfjörð þar sem ég var leikskólastjóri í 15 ár. Við hjónin eigum tvö börn sem eru orðin uppkomin. Soninn Axel Björgvin sem er 29 ára og býr í Danmörku. Hann er giftur og á tvö börn en konan hans átti son áður þannig að ég á þrjú ömmubörn. Einnig á ég dóttur Snæðisi Birtu sem er 19 ára og stundar hún nám við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Þegar ég flutti austur fór ég í starf sem forstöðumaður í Skólaseli Grunnskólans á Reyðarfirði í tvö ár. Var móttökufulltrúi nýrra íbúa í Fjarðabyggð sem var samvinnuverkefni Rauða krossins og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Einnig vann ég ýmis verkefni á Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar.

Ég tók við sem leikskólastjóri í leikskólanum Tjarnaskógi á Egilsstöðum um áramótin 2013/2014 og er mjög gott að vera komin aftur í leikskólastjórastarfið. Eiginmaðurinn vinnur nú í Álveri í Saudi Arabíu en ég ætla ekki að elta hann þangað. Ég hef gaman af því að umgangast fólk og sinna ýmsum félagsstörfum. Einnig hef ég gaman af því að ferðast.

Ég er ánægð með að vera formaður Zeta deildar og hef áhuga á því að starfa með fólki. Markmiðið með starfinu hjá okkur í vetur er að hlúa að okkur og njóta þess að vera saman í þessum góða félagsskap.

Meðfylgjandi er mynd af mér tekin í Dubai í haust og neðri myndin er af mér með fjölskyldu minn sem tekin var við skírn barnabarnins



Vissir þú...

... að á Evrópuvefnum getur þú lesið gömul og ný hefti af Euforia fréttablaðinu. Það er stútfullt af fréttum af systur okkar í Evrópu og starfi þeirra.

Eftirfarandi er slóðin á júní hefti Eufora:

dkgeurope.org/static/files/euforia/EuForia_45_spring2014.pdf

Gamlir húsgangar

*Kísa fer í fötin sín
fá vill hún um jólin
kaffi brauð og brennivín
og bót á gráa kjólinn.*

*Gryla kemur ólm og ær
ekki er henni gaman,
bitur í sín bæði lær
blá og svört í framan!*

*Handan að úr hólunum,
hartnær Rípurstað,
ég fæ kert á jólnunum,
ég er viss um það!*

Hvað ertu að borða?

- hangiket.

Hver gaf þér það?

- frúin.

Hvernig er það?

- gott ég get.

Gef mér að smakka,

- búinn!

*Á Þorlákssdag í matinn minn
morkinn fékk ég hákarlinn
hardan fiskinn hálfbarinn
og hákarlsgrútarbræðinginn.*

Heimildir:

*Árni Björnsson. (2006).
Saga jólanna. Ólafsfjörður: Tindur.
Fleiri gamlar vísur handa nýjum
börnum (Guðrún Hannesdóttir valdi
vísunar). (1995). Reykjavík: Forlagið.
Gamlar vísur handa nýjum börnum
(Guðrún Hannesdóttir valdi vísunar).
(1994). Reykjavík: Forlagið.*

Eta

Bryndís Guðmundsdóttir

„... Síðari hluta starfsævinnar sinni ég náms- og starfsráðgjöf og kennsluráðgjöf en hef nú lokið þeim kafla og er sjálfs mín herra á eftirlaunum. Allar stundir eru því frístundir...“



Ég er móðir og amma, hef búið í Hafnarfirði til fjörutíu ára, sleit barnsskónum á Ísafirði, tók út þroska unglingsáranna í Menntaskólanum á Akureyri, hleypti heimdraganum um tvítugt og stofnaði fjölskyldu á mölinni fyrir sunnan.

Eftir stúdentspróf lá leiðin í Kennaraskólann og Háskóla Íslands og í framhaldi af því fékkst ég við grunnskólakennslu í Reykjavík og Hafnarfirði, með hléum til barneigna og endurmenntunar. Síðari hluta starfsævinnar sinni ég náms- og starfsráðgjöf og kennsluráðgjöf en hef nú lokið þeim kafla og er sjálfs mín herra á eftirlaunum. Allar stundir eru því frístundir.

Áhugamálin eru margvísleg og snúa mörg að ævistarfinu, uppeldi og menntun. Jafnréttismál, kvennabarátta og samfélagsmál hafa og fengið sinn skerf og tók ég virkan þátt í starfi Kvennalistans á sínum tíma. Seinni árin hafa barnabörnin átt hug minn og fátt veitir meiri gleði en samvera með þeim. Ég nýt þess að vera með fjölskyldu og vinum, fara á tónleika, í leikhús og að lesa góðar bækur. Útivera, ferðalög, jóga og gönguferðir um fjöll og firnindi eru nærandi orkugjafi og ómissandi í mínu lífi.

Væntingar til starfsins í Etadeild felast einkum í því að styrkja hópinn með fjölgun kvenna, efla enn frekar tengslin og stuðla áfram að virkni og persónulegum og faglegum þroska Etakvenna.

Áherslur vetrarstarfsins byggja einkum á síðustu tveimur markmiðum DKG. Við beinum sjónum að þjóðmálum á víðum grunni efnahagsmála, félagsmála, stjórnmála og menntamála. Við viljum stuðla að nýrri hugsun, jákvæðni og sátt. Viðhorfsbreytinga er þörf og mikilvægt að staldra við og spyrja spurninga.

Eta

Etadeild var stofnuð þann 6. júní 1997. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.



Peta Sigrún Ásta Jónsdóttir

„... Það er því mjög hvetjandi að vera í félagsskap DKG þar sem djúpur skilningur er á gildi menntunar. Hin fallegu einkunnarorð samtakanna: Vinátta, trúmennska og hjálpsemi, minna okkur á að við þurfum að styðja og standa hver með annarri í viðleitni okkar til að efla og standa vörð um gildi menntunar....“



Peta

Petadeild var stofnuð þann 26. nóvember 1998. Peta-systur koma frá Suðurnesjum.

Ég fæddist 21. febrúar 1962 á heimili foreldra minna í Búðardal og ólst þar upp. 16 ára gömul flutti ég til Reykjavíkur og hóf nám við Menntaskólann við Sund og síðan lærði ég sagnfræði og heimspeki við Háskóla Íslands. Ég útskrifaðist með BA próf árið 1988 og sama haust fór ég til Skotlands og var í tvö ár í heimspekinámi við háskólann í St. Andrews. Árið 1992 hóf ég vinnu hjá Þjóðminjasafni Íslands sem safnkennari og hef ég unnið á söfnum síðan. Eftir fjögur ár á Þjóðminjasafninu þá tók ég við sem forstöðumaður Byggðasafns Snæfellinga og flutti mig svo um set árið 2001 til Reykjanesbæjar þar sem ég veiti byggðasafninu forstöðu.

Sú menntun sem ég kom með út í atvinnulífið á sínum tíma var á víðum og fjölbreytilegum grunni. Ég hafði ekki stefnt á þessa starfsbraut og er menntun mín að mestu á huglægum slóðum. Þjóðminjasafnið og byggðasöfnin fjalla vissulega um sögu en á allt annan máta en ég hafði lært hana. Sú saga sem ég lærði var mjög bókleg og virtist nánast eins og veröld út af fyrir sig. Í Skotlandi eyddi ég tveimur árum við það að skilgreina hugtök og byggja upp rökleiðir. Það sem söfn hins vegar fjalla um eru efnislegir hlutir. Menntun sem snýst um fræðileg hugtök virðist hafa lítið fram að færa varðandi efnislega hluti. En hún gagnaðist mér vel í starfi þar sem ég gat nýtt mér hana til að tengja saman hið huglæga og hið efnislega. Starf mitt hefur kennt mér hvernig þessi tvö svið eru nátengd og dýpka hvort annað þegar maður setur þau saman. Eitt af því sem ég hef hugsað mikið um er hvaða þekkingu er að finna í efnislegum gripum.

Árið 2013 lauk ég MA prófi í safnafræði þar sem þessi spurning var einn af rauðu þráðunum í lokaverkefninu mínu. Sú niðurstaða sem ég komst að var m.a. sú að við verðum að skilgreina þekkingaröflun safna á víðu sviði og að þekkingu er ekki bara miðlað í gegnum ritaðan texta. Þekking sem safnið getur miðlað snertir fjölbreytilega þætti, til dæmis að sjá og skynja hluti í ákveðnu rými í samhengi við texta og myndir. Þetta er flókið vinnuferli í safninu en ef vel tekst til þá virkar sýningin fyrir safngestinn eins og sjálfsgæður hlutur.

Menntunin gaf mér líka sjálfstraust til að halda áfram að læra, kynna mér margvíslegt efni og reyna að þróa mig þannig í starfi. Margt af því sem ég lærði hér áður fyrr er nú úrelt þekking en menntunin sem slík verður hins vegar

aldrei úrelt. Það er einfaldlega mikilvæg en ekki sjálfsögð færni að kunna að læra, að nýta sér fræðibækur, byggja upp gagnrýna hugsun og þora að taka skref frá hinu þekkta til hins óþekkta. Þetta eru alltaf verðmæti en þau geta gleymst og orðið undir í þeirri yfirborðskennðu umræðu sem oft ræður ríkjum. Það er því mjög hvetjandi að vera í félagsskap DKG þar sem djúpur skilningur er á gildi menntunar. Hin fallegu einkunnarorð samtakanna: Vinátta, trúmennska og hjálpssemi, minna okkur á að við þurfum að styðja og standa hver með annari í viðleitni okkar til að efla og standa vörð um gildi menntunar.

Fréttir úr Þeta-deild

Stjórn Þeta deilda hefur ákveðið að næstu tvö árin verði þema í gangi um óhefðbundna fræðslu, til dæmis fræðslu á söfnum. Fyrri stjórn hafði farið í áttak til að fjölga félagskonum og komu 10 konur til liðs við félagið og eru Þeta-konur nú 35 talsins. Þessar 10 konur eru: Árdís Jónsdóttir, Ásgerður Þorgeirsdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Gerður Pétursdóttir, Halldóra K. Magnúsdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir, Ingibjörg Hilmarsdóttir, Sigurbjörg Róbertsdóttir, Svava Bogadóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir.



Nóttin helga

*Nóttin helga nálgast óðum
náðarrík og há.*

*Kveikt skal nú á kertunum
sem kottid mitt á.*

*Kveikt skal nú á kertum öllum,
kæra barnid mitt.*

*Þjört og hlý skal baðstofan
sem brosid Ijúfa þitt.*

*Þjört og hlý er baðstofan
og brjóstid undurrótt.*

*Ég vil hreinsa og helga drottni
hjarta mitt í nótt.*

*Ég vil hreinsa og helga bæði
huga minn og sál.*

*Hvergi finnist kærleiksleysi,
kúldi eða bál.*

*Hvergi finnist kærleiksleysi,
hvergi gremjuský.*

*Sál mín, rís! Úr sora og fjöttrum
sigurglöd og ný!*

*Sál mín rís! Ó, hef þig hærra,
himni mót og sól!*

*Skapa þér og einnig öðrum
ylrík, blessuð jól.*

María Jóhannsdóttir.

Heimild:

*María Jóhannsdóttir. (1919, 24.
desember). Nóttin helga. Dagur, bls.
114.*

*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum*



Delta Kappa Gamma, Íslandi

Haustfréttabréf 2014



*Heimasíðan okkar er:
<http://dkg.muna.is>*

*Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>*